

Fundargerð stjórnar BÍS 10/2012.

miðvikudaginn 11. apríl 2012 kl. 18:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit skrifstofu: Lagt fram
4. Þjóðþrif ehf:
 - a. Vörumerkið „Grænir skátar“: Birgir Ómarsson kom á fundinn og kynnti fyrstu hugmyndir vinnuhóps sem er að skoða möguleika í rekstri Þjóðþrifa ehf. Kynnti vörumerkið „Grænir skátar“. Samþykkt að nota það um starfsemi Þjóðþrifa ehf.
5. Skátaping 2012, endurmat: Almennt gekk þingið mjög vel. Bíósalur er ekki nógu heppilegur og rétt hefði verið að bjóða opinberum aðilum til setningarinnar. Endurmat þátttakenda er jákvætt. Stjórn þakkar Skátasambandi Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur, Skátakórnum og starfsfólki BÍS þeirra þátt í þinghaldinu.
6. Málþing um skátaheitið: Fyrir liggur tillaga um að efna til tveggja málþinga og verði annað í seinnihluta maí og hitt á Landsmóti. Samþykkt og JA falinn undirbúningur.
7. Fararstjóri á World Scout Moot 2013: BB vék af fundi undir þessum lið. Alþjóðaráð leggur til að Vigdís Björg Agnarsdóttir, Vífli og Guðmundur Björnsson, Ægisbúum, verði fararstjórar. Samþykkt.
8. Mótsstjóri World Scout Moot 2017: Búið er að auglýsa og umsóknir hafa borist. Framkvæmdastjóra falið að svara umsækendum að unnið sé að mótun verkefnisins og það hafi tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir.
9. Norræna skátapingið: HSG kynnti að Ísland muni annast undirbúning nokkurra málstofa. Rædd var miðlun upplýsinga frá þátttakendum í alþjóðlegum viðburðum.
10. Leiðangursmerki BÍS: Frestað.
11. Starfsgrunnur fyrir rekka- og róverskáta: Frestað.
12. Úlfjótsvatn: Ljúka þarf sem fyrst gerð samkomulags milli SSR og BÍS vegna kaupa jarðarinnar.
13. Önnur mál:
 - a. Sumardagurinn fyrsti: Messa verður í Hallgrímskirkju kl. 11:00 með hefðbundnu sniði, ræðumaður verður Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.
 - b. Vinnufundur stjórnar BÍS: frestað til 5. maí kl. 10:00.

Fleira ekki rætt,
Fundu slitið kl. 20:10,
Fundargerð ritaði JA.